

Ed.

100. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Flutningsmaður: Pétur Magnússon.

Upphaf 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

- a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.
- b. Þegar sáttanefnd hefir o. s. frv.

Greinargerð.

Lögin frá 1911 um úrskurðarvald sáttanefnda voru sett til þess að greiða fyrir meðferð glöggra og óbrotinna skuldamála, jafnt skuldunaut sem skuldheimtumanni til hagræðis, og draga úr óeðlilegum kostnaði við innheimtu á smærri skuldum. Í lögnum er hámark skuldarhæðar, sem úrskurða má um, ákveðið 50 kr. Vegna breytingar þeirrar, sem síðan hefir orðið á raunverulegu gildi peninga, og að fenginni reynslu af framkvæmd þessara laga, er hér lagt til, að takmarkið upp á við sé sett 500 kr. Má t. d. benda á það til samanburðar, að hámark fjárhæðar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir, hefir verið hækkað úr 50 kr. (l. nr. 29 1885) upp í 1000 kr. (l. nr. 34 1928).

Lögnum um úrskurðarvald sáttanefnda hefir talsvert verið beitt á síðari árum, aðallega í Reykjavík. Eru þar nú á hverju ári kveðnir upp úrskurðir í sáttanefndinni svo að tugum skiptir. Hvorki í tíð núverandi né fyrrverandi dómara þar hefir neinum slíkum úrskurði verið áfrýjað til dómstóla. Bendir það ótvírætt til þess, að löggjafinn hafi hér verið á réttri braut og réttur manna ekki verið fyrir borð borinn af sáttanefnd, en ákvæðið hinsvegar greitt mjög fyrir smærri skuldaskiptum manna, og því ástæða til að færa nokkuð út kvíarnar í þessu efni fram yfir mun þann, sem orðinn er á verðgildi peninga frá því er lögin voru sett.

Langflest af málum þeim, sem komið hafa til úrskurðar sáttanefnda, hafa verið úrskurðuð vegna þess, að kærður hefir ekki komið á sáttafund né neinn fyrir hans hönd. Um leið og lagt er til, að skuldarhæð sú, sem úrskurða má um, sé hækkuð, er bætt inn ákvæði um, að sáttanefnd megi því aðeins úrskurða í slíkum málum, að kærandi hafi skýrt tekið fram í kærunni, að kærður geti átt von á úrskurði. Ætti það að verða kærðum aðvörðun um að sækja eða láta sækja sáttafund og gæta þar réttar sins, ef hann hefir eitthvað að athuga um réttmæti kröfunnar.